

— Ágrip af brjefi ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um konungsgjöf. — 191
 Með þessu brjefi var landshöfðingja skýrt frá, að 2000 kr. gjöf frá konungi og drottningu 21. ágúst.
 handa Íslendingum þeim, er hungursneyð vofir yfir, væri borguð í aðalfjárhirzluna sem
 tekjur fyrir jarðabókarsjóð Íslands.

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um gjafasamskot í Danmörku. — 192
 Samkvæmt beiðni frá nefnd þeirri, er gengið hefir fyrir samskotum handa bágstöddum 28. ágúst.
 Íslendingum, skal þjónustusamlega falið yður, herra landshöfðingi, að láta borga yður úr
 jarðabókarsjóði 20,000 kr., sem nefndin hefir ákveðið að verja til fjárkaupa, og skal því
 við bætt, að upphæð þessi mun endurborguð jarðabókarsjóðnum með greiðslu á líkri
 upphæð í aðalríkisjóðinn.

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja, er birtir konungsrásk., er leyf- 193
 ir Jóni Bjarnasyni Straumfjörð að ganga á prestaskólann. — Samkvæmt allra-þegn- 31. ágúst.
 samlegastri tillögu ráðgjafans út af þóknanlegu brjefi yðar, hr. landshöfðingi, 25. f. m.
 þóknadist hans hátígn konunginum 28. þ. m. að úrskurða:

að Jóni Bjarnasyni Straumfjörð veitist leyfi til að verða tekinn upp sem læri-
 sveinn á menntunarstofnunina fyrir prestaefni á Íslandi, og ganga á sínum tíma undir
 próf þau, sem þar eru lögboðin, enda þótt hann hafi eigi burtfararprófi lokið frá lærða
 skólanum á Íslandi.

Þetta skal yður þjónustusamlega tjáð, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leið-
 beiningar og frekari birtingar.

— Brjef sendiherra konungs í Lundúnum til utanríkisstjórnarinnar um gjafasam- 194
 skot á Englandi. — Hinu konunglega ráðaneyti mun kunnugt, að hjer í Lundúnum 18. sept.
 er verið að safna gjöfum handa bágstöddum Íslendingum. Hennar konunglega tign prins-
 essan af Wales er verndari samskotanefndarinnar og borgarstjórinn (lord mayor) forseti hennar.
 Til þessa hefir safnast £ 3500. Þegar nefndin átti síðasta fund sinn í mansion house,
 myndadizt framkvæmdarnefnd, er jeg varð formaður fyrir, og hjelt hún í dag annan
 fund sinn. Það hefir verið gjörð ráðstöfun til að senda hjeða koruvörur, einkum rúg, bygg,
 hafra og malað maís, og var ályktað að verja £ 2000 til að kaupa það, jafnmikið af
 hverju, en áður hafði verið keypt fyrir £ 800 af öðrum matvörum og af fergðu heyi.
 Þessum vörum mun í þessari viku skipað út í gufuskipið Lily, 800 tons, í Glasgow, og
 er ákveðið, að það fari á stað 26. þ. m. einkum til fjarðanna á Norðurlandi eptir að
 hafa komið snögglega við á Berufirði og í Reykjavík. Bókavörður Eiríkur Magnússon frá
 Cambridge mun fyrir hönd nefndarinnar fara á þessu skipi til Íslands og þar standa fyrir
 útbýtingu hjálparinnar með aðstoð hinna konunglegu stjórnarvalda, og hefi jeg leyft mjer
 með umburðarbrjefi að skora á þau að láta þessa aðstoð í tje. Skipið mun fara enn
 eina ferð til Íslands og flytja þangað það, sem síðan kemur inn. Jeg leyfi mjer jafn-
 framt að óska, að hlutast verði til um, að ráðgjafinn fyrir Ísland skori með næsta pósti
 á stjórnarvöld landsins að aðstoða herra Eirík Magnússon af fremsta megni.

Loksins veitist mjer sá heiður að láta fylgja brjefinu tilboð frá eiganda lysti-
 skútunnar Gladys, er sem stendur er í Stafangri, um að flytja til Íslands matvörur o. fl.

194 Samskotanefndin hefir ekki getað þáð tilboð þetta, þar sem skipið varla mun vera nógu
18. sept. stórt, en ef til vill gæti samskotanefndin í Kaupmannahöfn notað skipið.

195 — Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um ólög-
22. sept. lega húsmennsku. — Með brjefi til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu dagsettu
25. febrúar f. á., hafið þjer, herra amtmaður, úrskurðað, að Hraungerðishreppi í Árnes-
sýslu beri, sem framfærsluhreppi Guðmundar nokkurs Magnússonar á þeim tíma, er hann
andaðist, að veita framfærslu eptirlifandi skylduómögum hans, en þessum úrskurði yðar
hefir hreppsnefndin í Hraungerðishreppi skotið til landshöfðingja.

Nefndur Guðmundur var fæddur í Hraungerðishreppi, en fluttist til Vatnsleysu-
strandarhrepps sumarið 1866, og dvaldi þar síðan í húsmennsku, unz hann dó árið 1879.
Úrskurður yðar, herra amtmaður, er nú byggður á því, að ekki hafi verið sannað, að
Guðmundur hafi þau ár, er hann dvaldi í hreppnum sem húsmáður, fengið leyfi hlutað-
eigandi sveitarstjórnar til að dvelja þar, en Hraungerðishreppur hefir haldið því fram, að
hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps hafi veitt leyfi þetta þegjandi, með því ekki að am-
ast neitt við dvöl Guðmundar í hreppnum, fyr en á 10. árinu, er hann dvaldi þar.

Þó það nú sje í 12. gr. tilsk. 26. maí 1863 ákveðið, að ef sveitarstjórn synjar
manni um leyfi til að setjast að í hreppnum til húsmennsku, eigi hún að gefa honum
það skriflegt með ástæðum fyrir synjuninni, hlýtur leyfið að vera jafngilt, hvort það er
skriflegt eða munnlegt, en, sem sagt, er það eigi sannað, að Guðmundur hafi nokkurn
tíma beðið um leyfi til að mega setjast að í húsmennsku í Vatnsleysustrandarhreppi, og
því eigi heldur að hann hafi fengið það. Jeg verð því að vera yður samdóma um, að
dvöl hans í hreppnum geti þegar af þeirri ástæðu samkvæmt nefndri grein tilskipun-
ar 26. maí 1863 ekki heimilað honum þar framfærslurjett, sbr. einnig brjef landshöfð-
inga frá 24. marz 1881 (B. 37).

Í sambandi þar við vil jeg taka fram, að með prófi því, er fylgdi brjefi
yðar, herra amtmaður, frá 8. þ. m. hafa komið fram nokkuð fleiri sannanir fyrir því,
að kornlán, sem Guðmundur Magnússon þáði veturinn 1874—1875 í Vatnsleysustrand-
arhreppi, hafi verið sveitarstyrkur, en sökum þess, sem að framan hefir verið tekið fram
um vanrækt hlutaðeiganda á að beiðast húsmennskuleyfis, þarf ekki að rannsaka hjer
ítarlega það atriði málsins.

Af framanrituðum ástæðum verð jeg að vera yður, herra amtmaður, samdóma
um það, að Hraungerðishreppi í Árnessýslu beri að veita framfæri eptirlifandi skyldu-
ómögum fyrnefnds Guðmundar heitins Magnússonar, og skal því úrskurður yðar standa
óbreyttur.

Þetta vilduð þjer láta hlutaðeigendur vita.

196 — Leyfisbrjef konungs fyrir heimilisgrafreit.

29. sept.

Vjer Christian níundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og
Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenberg
og Aldinborg,

gjörum kunnugt: að með því, að N. S. Krüger lyfsali í Reykjavík á landi voru Íslandi
hefir farið þess á leit, þá höfum vjer allra-mildilegast veitt og leyft, enda veitum vjer
það með þessu brjefi og leyfum, að hann í þeim hluta garðs þess, er liggur undir eign